

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 19. desember 2024

Mál nr. S-954/2024:

## Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

## gegn

**Sigurjóni G. Halldórssyni**

(*Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 24. október 2024, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, útgefinni 5. apríl 2024, á hendur Sigurjóni G. Halldórssyni, kt. 000000-0000, með lögheimili í [...] en dvalarstað að [...], „fyrir eftirtalin hegningarlaga- og lögreglulagabrot:

### I.

Fyrir líkamsárás, með því að hafa, fimmtudaginn 27. apríl 2023, á nýbyggingarsvæði við [...], [...], ráðist að A, kt. 000000-0000, sem sat í ökumannssæti bifreiðar sinnar [...], en ákærði stóð fyrir utan bifreiðina, teygði sig inn um opinn glugga, togaði og rykkti til hægri hönd A sem og kveikjuláslykli bifreiðarinnar, sem A hélt í. Við þetta festist langatöng hægri handar A í lyklakippu þeirri sem lykilinn var á og fingurinn aflagaðist og brotnaði. Voru afleiðingar ársasar ákærða þær að A hlaut brot á löngutöng hægri handar

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 219. gr. laganna.

### II.

Fyrir eignaspjöll, með því að hafa með háttsemi sinni sem lýst er í lið I., valdið því að kveikjuláslykill bifreiðarinnar [...], af gerðinni [...], brotnaði og skemmdist.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Fyrir brot gegn lögreglulögum, með því að hafa, fimmtudaginn 27. apríl 2023, á nýbyggingarsvæði við [...], [...], við afskipti lögreglu í kjölfar atvika í liðum I. og II., neitað að ræða við lögreglumenn og farið inn í bifreið sína [...], og síðan hundsað fyrirmæli lögreglumanna um að koma út úr bifreiðinni með þeim afleiðingum að lögreglumenn þurftu að taka ákærða út úr bifreiðinni í lögreglutökum og handtaka hann, en ákærði streittist á móti við þá handtöku.

Telst háttsemi þessi varða við 19. gr. sbr. 44. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Einkaréttarkröfur:

Af hálfu brotþola A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða [3.025.150 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. apríl 2023 og til 5. maí 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, til greiðsludags.] Framangreind skaðabótakrafa skiptist niður með eftirfarandi hætti:

1.	Bætur fyrir miska skv. 26. gr. skbl.	kr. [1.500.000,-
2.	Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl.	kr. 1.525.150,-
	Samtals	kr. 3.025.150,-]“

Þá krefst brotþoli málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Ákærði krefst sýknu, til vara að ekki verði gerð refsing en vægustu refsingar til þrautavara. Hann krefst þess að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð.

#### Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem lögregluþjónn 2 ritar undir, barst tilkynning kl. 12:40 hinn 27. apríl 2023 „um yfirstaðna líkamsárás á nýbyggingarsvæði

við [...]. Í tilkynningu kom fram að brotaþoli væri puttabrotinn og að árársaðili hefði farið af vettvangi á svartri [...] bifreið. Tilkynntur árársaðili var Sigurjón Halldórsson. Samkvæmt skýrslunni fóru tvær lögreglubifreiðar á vettvang. Þegar þangað hafi verið komið kl. 12:57 hafi þrír aðilar verið á svæðinu og einn þeirra, A, verið með „vafning utan um hægra handarbak“ og hafi blóð verið á vafningnum. „Tveir aðrir aðilar stóðu með honum og áttu þeir allir í einhverjum orðaskiptum. Annar þeirra, B, hélt farsíma á lofti og var að taka upp myndskaið. Við hlið þeirra beggja var þriðji aðilinn, Sigurjón G. Halldórsson, og svört [...] bifreið með skráningarnúmerið [...].“ Lögregla hafi skipað Sigurjóni að fara í lögreglubifreið til viðræðna en Sigurjón hafi neitað og sagt að hann þyrfti ekki að ræða við lögreglu. Segir svo: „Eftir fáein orðaskipti strunsaði Sigurjón inn í bifreiðina [...] og gerði sig líklegan til að aka í burtu.“ Skýrsluritari hafi þá haldið í ökumannshurðina og gefið honum „ítrekuð fyrirmæli um að stíga úr bifreiðinni“. Lögregluþjónn 1 hafi komið til aðstoðar og hafi Sigurjón verið tekinn lögreglutökum og færður úr bifreiðinni, járnaður, fluttur í lögreglubifreið og tilkynnt að hann væri handtekinn grunaður um líkamsárás.

Í skýrslunni segir að skýrsluritari hafi gefið sig á tal við A, sem hafi verið „með sjáanlegan áverka á hægri hönd. Hún var blóðug og mátti sjá aflögun á löngutöng.“ Hann hafi sagt málið snúast um vinnuvélar og að Sigurjón leigði þær af A og bróður hans en hafi ekki staðið við greiðslur og hafi A komið til að sækja vélnar. A hafi setið í bifreið sinni með opinn ökumannsglugga þegar Sigurjón hafi komið að, sett hönd inn í bifreiðina og reynt að fjarlægja kveikjulaslykilinn. A hafi haldið í lykilinn og flækt löngutöng í lyklakippunni þegar Sigurjón hafi rykk í hann með þeim afleiðingum að aflögun hafi orðið á löngutöng.

Samkvæmt lögregluskýrslu gaf brotaþoli skýrslu hjá lögreglu 22. maí 2023 og kvaðst þar óska eftir að leggja fram refsikröfu á hendur ákærða.

Í málinu liggur vottorð, undirritað af C lækni. Er þar meðal annars bókað um brotaþola 27. apríl 2023: „Lendir í líkamsárás. Er með fingurinn fastan í lyklakippuhring í svissinu á bílnum og annar maður er að rykkja aftur og aftur í hendina á honum. Er með drop um dip lið dig 3.“ Fram kemur að við röntgen-rannsókn hafi komið í ljós: „Afrifubrot dorsalt í distal phalanx á III. fingri“ og að sett hafi verið upp mallet spelka.

Fyrir liggur í málinu upptaka úr búkmyndavél lögregluþjóns. Sjást þar lögregluþjónar, ákærði og brotaþoli standa utandyra hjá tveimur bifreiðum. Heyrist lögregluþjónn þar segja ákærða að tala við lögregluþjóna inni í bifreið. Ákærði segir þá:

„Ég er ekkert að fara að tala við ykkur, talið við lögfræðinginn“ og í framhaldinu segist ákærði ráða því hvort hann setjist í lögreglubifreið eða ekki. Lögregluþjónn segir þá að lögregla sé að biðja hann um að koma og spjalla við þá en ákærði gengur þá rösklega í burtu og fer inn í bifreið sína. Lögregluþjónar fara á eftir honum og skipa honum að koma úr bifreiðinni og segir lögregluþjónn að lögregla þurfi að tala við hann. Ákærði situr kyrr í bifreiðinni og lögregluþjónn skipar honum að nýju að koma úr bifreiðinni. Í framhaldi af því taka tveir lögregluþjónar ákærða úr bifreiðinni. Lögregla færir hann í lögreglubifreið og segir honum að hann sé handtekinn.

### Skýrslur fyrir dómi

#### Fyrsti og annar ákæruliður

Ákærði sagðist hafa staðið „uppi á brettinu á bílnum hjá A“ og þeir hefðu verið að tala saman. Brotapoli „keyrði bara allt í einu á stað á bílnum“. Um væri að ræða bifreið með „þriggja metra pall niður, þrír og fimmtíu“. Ákærði sagði að „ósjálfráð viðbrögð“ sín hefðu verið „bara að reyna að slökkva á bílnum“ með því „að snúa lyklinum“. Ákærði hefði aðeins snert lykilinn en ekki brotapola. Brotapoli „meiddi sig eitthvað“ en ákærði „kom aldrei við hann eða neitt, hann klemmdi sig bara einhvers staðar í bílnum í þessum flumbrugangi.“ Ákærði hefði aðeins hugsað um „að detta ekki aftur fyrir mig og detta niður á götuna“. Eftir þetta hefði bifreiðin verið stöðvuð „og við fórum út og hann hringdi og afturkallaði lögreglu en samt kom lögreglan“. Hún hefði komið „með æsingi“ og hefði ákærði verið handtekinn, sem hefði verið ósáttur við það enda hefði hann ekkert gert nema tala við brotapola.

Spurður hvort hann hefði náð að snúa bíllyklinum svaraði ákærði „að það slokknaði allavega á bílnum, ég veit ekki meir. Það var hann sem var að keyra bílinn og beita bílnum sem bara vopni gegn mér“. Ákærði ítrekaði að hann hefði ekki snert brotapola, aðeins tekið „utan um lyklakippuna“ og snúið henni. Ákærði sagðist ekki hafa séð hönd brotapola á meðan og ekki vita hvort hann hefði einnig haldið um lykilinn. Lykilinn hefði verið í kveikjúlásnum. Ákærði hefði séð lykilinn. Brotapoli hefði ekki verið með fingur í lyklinum. Ákærði sagðist ekki muna hvar fingur brotapola hefði verið. Nánar spurður um ástæður meiðsla brotapola sagði ákærði: „Hann klemmir sig bara sjálfur á puttanum í sínum flumbrugangi, hann er miklu stærri en ég, ég er bara rindill, hann tekur mig bara, tuskar mig til“. Ákærði sagðist aðspurður ekki vita á hverju brotapoli hefði klemmt sig. Nánar spurður hvað brotapoli hefði gert gagnvart ákærða

sagði ákærði að brotþoli hefði ekið af stað og ákærði fengið „svona sjokk að detta ekki af bílnum og lenda ekki undir bílnum“. Spurður hvernig brotþoli hefði fengið áverkana við flumbrugang sagði ákærði „Þegar hann var lagður á stað, þá er ég að reyna að slökkva á bílnum og þá var hann að tosa í hendina á mér, og ég veit ekkert hvernig hann meiddi sig“. Ákærði var spurður hvort hann hefði gert sér grein fyrir að brotþoli gæti hlotið áverka og svaraði að hann hefði hugsað um að detta ekki sjálfur af bifreiðinni. „Þetta voru þrír metrar niður“. Ákærða voru sýndar myndir úr gögnum málsins af bifreið og sagði hann þar vera bifreið brotþola. Spurður um þann framburð sinn að um væri að ræða þriggja metra hæð sagðist ákærði „búinn að mæla bílinn, ef þú stendur uppi á brettinu hérna, þá eru þrír metrar niður á malbik, þetta er amerískur upphækkaður bíll, [...] fyrir höfuðið á mér og niður á götu eru þrír metrar.“ Aðspurður sagðist ákærði vera um [...] cm að hæð.

Ákærði sagði aðspurður að lykillinn hefði brotnað en ákærði hefði ekki farið harkalega að við þetta, „þetta er bara plast sem brotnar“. Brotþoli hefði ekið „einhverja fimm sex metra“ og „síðan fór ég bara niður af bílnum þegar drapst á honum.“ Ákærði sagði að þeir brotþoli hefðu talað „fullt saman eftir að þetta gerðist og það var ekkert vandamál“. Ákærði sagði að „einhver strákur“ hefði komið að „með símann sinn að taka myndir, einhver útlendingur“. Svo hefðu verið á vettvangi átta eða níu starfsmenn á vegum ákærða sem horft hefðu á en lögregla hefði ekki yfirheyrt. „Þeir voru inni í kaffi og horfðu á þetta út um gluggann“.

Ákærði sagði að brotþoli hefði ekki fingurbrotnað. „Puttinn aflagaðist, það er ekki sama og fingurbrot“, bætti ákærði við. Spurður hvernig það hefði komið til svaraði ákærði að spyrja þyrfti brotþola að því, „það er hann sem var með þessi læti, það var hann sem kom inn á minn vinnustað“ og verið með læti og hagað sér „eins og vitleysingur“. Merkt hefði verið að óviðkomandi væri bannaður aðgangur að vinnusvæðinu og brotþoli hefði ekki virt það.

A, brotþoli, sagði ákærða hafa verið með „gröfur sem við áttum, önnur þeirra var þarna í [...]og við vorum að sækja hana því hann hafði ekki greitt neitt fyrir, hvorki þessa vél kaupverð eða leigu eða eitt eða annað.“ Ákærði hefði verið með tækið í eitt eða eitt og hálf ár án þess að greiða fyrir, „þannig að við vorum í rauninni bara að endurheimta okkar vél.“

Brotapoli sagði að þegar hann hefði ekið til baka af svæðinu og starfsmaður sinn verið „á undan á gröfunni“, hefðu þeir mætt ákærða. Brotapoli hefði skrúfað niður bílrúðuna og rætt við hann „og segi honum að þetta sé bara komið gott og nú ætli ég að taka vélina“. Ákærði hefði sagt að brotapolí mætti ekki taka vélina „bara á miðjum degi“. Ákærði hefði svo verið „kominn út úr bílnum, stekkur upp á, ég er á svona [...], stekkur upp á gangstig og gerir sig líklegan til þess að ná lyklinum úr svissinum, bíllinn stóð í gangi en var í park“. Brotapoli sagðist aðspurður ekki hafa reynt að aka bifreiðinni áfram, hún hefði verið „allan tímann í park“. Brotapoli hefði reynt að grípa „utanum, til þess að hindra það að hann nái lyklinum úr bílnum og lendi með puttann hérna inni, hann er brotinn“ og hefði læknir sagt að ekkert væri hægt að gera í því. Brotapoli hefði lent „með puttann inni í lyklahringinn og þá grípur hann utan um allt draslið og er síðan að rykkja og djöflast, í bæði náttúrulega mig, hendina og ég er kominn alveg í kleinu, fastur á milli stýris og sætis, kominn með hausinn alveg niður í keng“. Ákærði hefði gripið „einhvern veginn utan um allt draslið, bæði lykilinn og hendina á mér, ég er í rauninni fastur, ég get ekki einu sinni gert neitt og hann heldur áfram þangað til að lykillinn brotnar úr bílnum. Hann hættir ekkert fyrr en þá.“ Ákærði hefði togað ítrekað, „með rykkjum“.

Brotapoli var spurður hvort hann teldi ákærða hafa séð að brotapolí væri orðinn meiddur á fingri og svaraði: „Já, hann mátti vita það alveg, ég get náttúrulega ekki alveg kannski dæmt það hvað hann sá en hann hefði mátt vita það“. Brotapoli sagðist hafa „emjað undan honum“. Ákærði hefði haldið áfram þó brotapolí hefði emjað. Nánar spurður um atburðarásina sagði brotapolí: „Hann hoppar svona upp á bíllinn með látum og er á leiðinni með hendina í átt að svissinum og ósjálfráð viðbrögð eru þannig að ég gríp og ætla að grípa utan um og ná lyklinum á undan honum, en lendi með þennan putta hérna inni í svissinum og hann grípur þá utan um allt draslið hérna“, og hér tók brotapolí með annarri hönd sinni utan um hina frá úlnið fram að kjúkum, og sagðist hafa verið „í rauninni fastur þar á milli og hann rykkir og rykkir áfram þangað til að í rauninni slitnaði bara lykillinn úr bílnum og þetta var þá allt orðið blóðugt“. Ákærði hefði tekið fast utanum bæði hönd brotapola og bíllykil svo brotapolí hefði ekki haft „tök á því einu sinni að taka hendina frá eða neitt annað til að verjast þessu.“

Borið var undir brotapola að ákærði hefði sagt að hann hefði verið uppi á bretti bifreiðarinnar að tala við brotapola, þegar brotapolí hefði skyndilega ekið á stað og ákærði þá orðið hræddur um að detta úr mikilli hæð og því reynt að ná í lykilinn til þess að slökkva á bifreiðinni. Brotapoli sagði að þessi frásögn væri „algjört rugl“. Brotapoli

sagðist vera „alveg klár á því“ að hann hefði ekki verið að aka af stað. Ákærði hefði ekki verið í neinni hættu af völdum brotaþola. Engin ástæða hefði verið fyrir ákærða að fara með höndina inn í bifreiðina.

Brotaþoli sagði að starfsmaður sinn, B, hefði komið hlaupandi til baka og séð þetta gerast. Brotaþoli sagðist muna „þetta kannski aðeins óljóst“ en ákærði hefði eiginlega ekki hætt fyrr en B hefði komið og sagt honum að hætta. Brotaþoli hefði þá verið „allur alblóðugur, puttinn hangir svona niður“. Í framhaldinu hefði brotaþoli hringt til lögreglu. Ákærði hefði ekið í burtu en komið aftur og þá orðið „einhver orðaskipti“. Ákærði hefði hótad „einhverjum handrúkkurum á“ brotaþola og hefði sagt að brotaþoli skuldaði sér peninga, sem væri „algjör della“. Brotaþoli hefði hringt aftur til lögreglu og sagt að hann ætlaði „að draga þetta til baka“ en lögregla hefði engu að síður komið á staðinn og kallað hefði verið á sjúkrabifreið og brotaþoli sendur burt með henni. Brotaþoli sagði að B hefði tekið eitthvað upp á myndband í síma sínum en ákærði hefði ætlað „að ráðast á hann líka og gerði það, tók eitthvert hálstak á honum“. Brotaþoli hefði farið á heilbrigðisstofnun [...] og hefði verið „eignlega að dila við þetta alla tíð síðan“. Hann væri með „dofa upp í hendinni og puttinn eins og hann er“ og væri ekki orðinn góður en væri þó „mikið betri samt kannski allur í skrokknum eftir þetta, en ekki eins og ég var áður“. Brotaþoli sagðist ekki geta „setið lengi við tölvu“ eða slíkt, hann yrði „dofinn strax upp hendina“, og hefði ýmis óþægindi í daglegu lífi.

Brotaþoli sagðist ekki hafa verið staddur á lokuðu vinnusvæði. Svæðið hefði verið öllum opið.

Vitnið B sagðist hafa farið umræddan dag ásamt brotaþola til að sækja gröfu sem ákærði hefði verið með á leigu. Þegar þeir hefðu komið þangað hefðu þeir náð í gröfuna. Vitnið, sem væri flutningabílstjóri, hefði farið í gröfuna og ekið henni „í áttina að flutningabílnum“ hefði það séð ákærða koma og hefði vitnið þá stöðvað tækið. Ákærði og brotaþoli hefðu farið að tala saman og hvor þá verið í sinni bifreið. Allt í einu hefði ákærði stokkið út úr sinni bifreið „og byrjar svona að ráðast á [brotaþola] gegnum bílgluggann.“ Brotaþoli hefði þeytt flautu bifreiðar sinnar og vitnið hefði þá farið í áttina til þeirra til að hjálpa brotaþola. Þegar vitnið hefði komið nær þeim hefði það hrópað til ákærða að hann ætti að sleppa brotaþola og láta hann vera, „og þá fór hann að ráðast á mig“. Ákærði hefði slegið vitnið í hálsinn. Vitnið hefði bakkað frá og ákærði hefði þá sparkað í rifbein vitnisins. Vitnið hefði þá tekið upp síma og farið að taka upp atvikið, til

Þess „að róa hann niður“. Þegar ákærði hefði séð það hefði ákærði sagt vitninu að hætta „og reyndi að rífa símann úr“ höndum vitnisins. Ákærði hefði í framhaldinu hætt og farið í sína bifreið en vitnið hefði farið til brotaþola og þá séð „að í bílnum var fullt af blóði, hann var með brotinn fingur og var bara allur svona rauður í framan“. Brotaþoli hefði sagt að hann ætlaði að hringja til lögreglu og hefði beðið vitnið um að halda áfram að taka upp, svo ákærði réðist „ekki aftur á hann“. Lögregla hefði svo komið á staðinn og handtekið ákærða en vitnið og brotaþoli farið á sjúkrahús í [...].

Nánar spurt sagðist vitnið hafa séð ákærða „stökkva út úr bílnum sínum, fara gegnum glugga inn í bílinn hans [brotaþola] og þá kom til einhverra ryskinga þeirra. Hann fór að toga svona [brotaþola] fram og til baka.“ Vitnið var spurt hvort það hefði séð inn í bifreiðina á meðan atburðarásin hefði farið fram og svaraði að rúður bifreiðarinnar hefðu verið dökkar og vitnið aðeins séð „svona hreyfingu“ en þegar það hefði komið nær hefði það séð „greinilega að [ákærði] var að toga í [brotaþola] og lemja hann.“ Nánar spurt hvort ákærði hefði lamið brotaþola sagði vitnið að það hefði séð „þessa einu hreyfingu þegar [ákærði] reif í [brotaþola], togaði hann eitthvað til sín“. Vitnið sagðist ekki hafa séð nákvæmlega hvar ákærði hefði tekið í brotaþola. Atburðarásin hefði verið mjög hröð. Vitnið sagðist aðspurt ekki hafa séð ákærða halda utan um hönd brotaþola. Vitnið hefði heyrt ákærða öskra og brotaþola reyna að tala við hann. Brotaþoli hefði ekki öskrað.

Vitnið sagði að eftir atvikið hefði brotaþoli haldið utan um fingur sinn.

Vitnið sagði að grafan hefði verið í um „fimmtíu metra fjarlægð frá þessu atviki“, farþegamegin við bifreið brotaþola. Bifreið ákærða hefði verið vinstra megin við bifreið brotaþola. Vitnið sagði aðspurt að bifreið brotaþola hefði verið í gangi en kyrr allan tímann, ef vitnið myndi rétt. Eftir atvikið hefði vitnið séð að lykill bifreiðarinnar var brotinn.

Vitnið C læknir staðfesti vottorð sitt. Vitnið sagðist hafa hitt brotaþola sama dag og atvikið hefði orðið. Ljóst væri að brotaþoli hefði fengið fingurbrot, afrifubrot á löngutöng. Vitnið lýsti brotinu nánar þannig að „þar sem sinin festist við fingurinn, beygjusinin. [...] það er þar, smellur það af, þess vegna verður svokallaður mallet-fingur eða drop fingur, hann getur ekki rétt úr honum og þá þarf þessa mallet-spelku svokallaða sem ég skrifa þarna í vottorðið, þannig að það grói aftur þannig að sinin virki aftur.“

Nánar spurt sagði vitnið að „það brotnar af beinið, þar sem sinin festist við beinið“, það yrði „afrifubrot af beininu akkúrat þar sem festingin er“.

#### Þriðji ákæruliður

Spurður um þriðja ákærulið sagðist ákærði ekkert hafa gert af sér. Hann hefði hugsað um það eitt að detta ekki aftur fyrir sig og slasast. Spurður hvort hann hefði neitað að ræða við lögreglu og farið inn í bifreið sína svaraði ákærði: „Já, mér ber engin skylda til að ræða við þá. Það er tjáningarfrelsi á Íslandi.“ Spurður hvort hann hefði hlýtt þegar lögregla hefði beðið hann um að koma úr bifreiðinni sagðist ákærði hafa farið með lögreglunni. Hann var spurður hvort lögregla hefði þurft að fjarlægja hann úr bifreiðinni sagðist hann ekki muna það, hann hefði verið „í svo miklu sjokki út af þessu“.

A sagðist vita til þess að ákærði hefði „verið tekinn inn í bíl hjá lögreglu“ og kvaðst hafa orðið „vitni að því að hann streittist á móti handtöku þarna, ætlaði að hlaupa í burtu“.

Vitnið B sagði að ákærði hefði neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu. Vitnið hefði séð það greinilega.

Lögregluþjónn 1 sagði lögreglu hafa verið kallaða í [...] þar sem tilkynnt hefði verið um „líkamsárás og einhvern ágreining á byggingarsvæði“. Vitnið hefði farið á vettvang ásamt öðrum lögregluþjónum. Þegar þeir hefðu komið á vettvang hefðu tveir lögregluþjónar þegar verið komnir þangað. Þar hefði verið „einhver æsingur þarna milli manna, einhver var þarna með áverka á hendi“. Einnig hefði verið annar maður, ákærði, sem lögregla ætlaði að ná tali af, „en hann vildi ekkert við okkur tala og ætlaði að gera sig líklegan til þess að fara af vettvangi og komst þarna inn í bíl og okkur grunaði strax að þessi einstaklingur ætti þarna einhvern hlut að máli og þurftum að ná af honum einhverjum framburði þarna“. Þessi maður hefði hins vegar reynt „að komast þarna af vettvangi á bíl“ og vitnið og annar lögregluþjónn hefðu kynnt „honum að hann sé handtekinn“ og hefði þurft að „beita hann lögregluvaldi til þess að taka hann þarna út úr bílnum.“ Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Lögregluþjónn 2 sagði að lögreglu hefði verið tilkynnt um mögulega líkamsárás í [...]. Lögregla hefði farið á vettvang og þar hefðu verið „fjórir eða fimm aðilar, mikil óreiða.“ Einn hefði verið með sár á hendi. Annar maður hefði alls ekki viljað tala við lögreglu og farið inn í bifreið, „settist undir stýri og ætlaði bara að fara“. Lögregla hefði tekið hann úr bifreiðinni, fært í járn og handtekið. Vitnið staðfesti skýrslur sínar.

#### Niðurstaða

Með vottorði og skýrslu C læknis er sannað að brotþoli kom fyrir lækinn 27. apríl 2023 og var þá með þá áverka sem í vottorðinu greinir. Þá verður að leggja til grundvallar að hann hafi sagt læknum svo frá sem í vottorðinu er rakið, að hann hafi verið með fingur fastan í lyklakippuhring og annar maður rykktt aftur og aftur í hönd hans.

Lögregluþjónar sem komu á vettvang báru fyrir dómi að þar hefði verið maður með áverka á fingri. Í lögregluskýrslum eru ljósmyndir af brotþola og blóðugri hönd og þó ekki sjáist andlit á þeim myndum er sýna blóðugu höndina verður að leggja til grundvallar að um brotþola sé að ræða, sem og að á annarri mynd sjáist blóðblettir á buxum brotþola. Þá er í skýrslunni mynd er sýnir blóðslettur á gólflista bifreiðar og er skráð í skýrsluna að sé við ökumannssæti í bifreið brotþola.

Ljóst er að fundum ákærða og brotþola bar saman á þeim stað og stund sem í ákæru greinir. Brotþoli kveðst hafa hlotið áverka sína í bifreiðinni af völdum ákærða. Ákærði segir að brotþoli hafi klemmt sig sjálfur „í sínum flumbrugangi“, en brotþoli hafi tekið ákærða og tuskað hann til. Ákærði sagðist hafa reynt „að slökkva á bílnum“ með því „að snúa lyklinum“. Brotþoli hefði meitt sig „eitthvað“ en ákærði hefði ekki komið við hann, „hann klemmdi sig bara einhvers staðar í bílnum í þessum flumbrugangi.“

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið þykir óhætt að leggja til grundvallar að brotþoli hafi hlotið áverka sína í bifreiðinni umrætt sinn og á þeim tíma er þeir áttu samskipti, brotþoli í bílstjórásæti en ákærði upp við bifreiðina.

Af framburði ákærða og brotþola fyrir dómi má leggja til grundvallar að þeir séu í raun sammála um að ákærði hafi reynt að grípa um bíllykilinn sem hafi verið í kveikjúlásnum.

Brotþoli hefur lýst tilurð áverkanna þannig að hann hafi verið með fingur inni í lyklahring en ákærði gripið utan um höndina „og er síðan að rykkja og djöflast“. Virðist

slík atburðarás geta verið til þess fallin að valda áverkum eins og þeim sem brotþoli hlaut. Ákærði hefur ekki gefið sérstaka beina skýringu á tilurð áverkanna. Hann segir að brotþoli hafi klemmt sig „í sínum flumbrugangi“.

Á svæðinu var vitnið B sem sagði fyrir dómi að ákærði hefði togað brotþola til. B sagði að bifreið brotþola hefði verið í gangi allan tímann, en kyrrstæð ef B myndi rétt. B er starfsmaður brotþola og verður að horfa til þess við mat á framburði hans, en engu að síður verður að telja framburðinn fremur til stuðnings frásögn brotþola en ákærða.

Þegar á framanritað er horft og þá sérstaklega þau atriði að fyrir liggur að ákærði, sem var fyrir utan bifreiðina, reyndi að grípa um kveikjuláslykil hennar, að fyrir liggur að brotþoli fékk þá áverka sem raktir hafa verið og að frásögn hans af atvikum virðist hæglega getað komið heim og saman við slíka áverka, að ákærði hefur ekki gefið á áverkunum neina aðra skynsamlega skýringu, og að vitnið B segist hafa séð ákærða toga brotþola til, þykir ákærvaldið hafa rennt styrkum stoðum undir háttsemislýsingu fyrsta ákæruliðar. Þykir ekki annað en neitun ákærða mæla þar gegn. Þegar á allt framanritað er horft verður að telja ákærvaldið hafa fært lögfulla sönnun fyrir því ákærði hafi viðhaft þá háttsemi er rakin er í fyrsta ákærulið. Verður að telja að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að brotþoli gæti hlotið líkamstjón á borð við það sem fyrir liggur að hann hlaut. Ákærði segist hafa gripið um lykilinn því brotþoli hefði ekið af stað og ákærði verið hræddur um að detta af bifreiðinni. Brotþoli segist ekki hafa ekið af stað og framburður B, svo langt sem hann nær, er fremur til stuðnings framburði brotþola en ákærða. Er við svo búíð ekki unnt að leggja til grundvallar að brotþoli hafi ekið bifreiðinni af stað. Þegar á allt er horft telst ákærði sannur að sök og varðar háttsemi við 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Fyrir dómi sagði ákærði að lykillinn hefði brotnað. Hann hefði ekki farið harkalega að, „þetta er bara plast sem brotnar“. Brotþoli sagði fyrir dómi að lykillinn hefði brotnað. Verður að leggja til grundvallar að lykillinn hafi brotnað. Ákærða hlaut að vera ljóst að svo gat farið en engu að síður viðhafði hann þá háttsemi er fjallað hefur verið um. Telst hann sannur að sök samkvæmt öðrum ákærulið og er háttsemi hans rétt færð til refsheimildar

Að því er varðar þriðja ákærulið liggur fyrir að lögregla fór á vettvang vegna meintrar líkamsárásar. Á vettvangi voru ákærði og brotþoli sem var með áverka. Samkvæmt upptöku búkmyndavélar neitaði ákærði að ræða við lögreglu og fór að því búnu yfir í bifreið sína og fór þar ekki að fyrirmælum lögreglu um að koma úr bifreiðinni.

Tók lögregla hann úr bifreiðinni. Meta verður upptökuna þannig að ákærði streitist á móti við handtöku. Lögregluþjónar 1 og 2 báru fyrir dómi á þá leið að ákærði hefði neitað að tala við lögreglu og gert sig líklegan til að fara af vettvangi. B sagði fyrir dómi að ákærði hefði neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu. Þegar á allt er horft verður að telja ljóst að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi er greinir í þriðja ákærulið og verði hún eins og á stóð heimfærð til refsíákvæðis eins og í ákæru greinir.

Af sakavottorði ákærða skal þess getið að hann var hinn 10. maí 2024 dæmdur í Landsrétti til fimmtán mánaða fangelsisvistar, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, og 3. tl. 1. mgr. 37. gr. sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994, og var ákærði jafnframt dæmdur til greiðslu 64.072.766 króna sektar. Þau brot sem ákærði er sakfelldur fyrir nú voru framin fyrir uppkvaðningu áðurrakins dóms og ber því að gera ákærða hegningarauka. Verður skilorðshluti dómsins nú tekinn upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, átján mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar frestað og falli hún niður að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð.

Fyrir liggur bótakrafa brotþola. Henni til stuðnings hefur brotþoli meðal annars lagt fram matsgerð D lækni sem brotþoli aflaði. Í niðurstöðum matsgerðarinnar segir meðal annars: „Varanleg, lækni-fræðileg örorka (miski) [brotþola] vegna vinnuslyssins 27. apríl 2023 er 10%.“ Ekki hafa verið bornar sérstakar brigður á matsgerðina eða önnur lækni-fræðileg gögn sem liggja fyrir í málinu. Verður krafa brotþola vegna varanlegs miska sbr. 4. gr. laga nr. 50/1993 tekin til greina. Brotþoli krefst einnig bóta vegna miska samkvæmt 26. gr. laganna. Fyrir dómi lýsti brotþoli ástandi sínu og örðugleikum sem það ylli honum enn, þó hann væri mun betri en áður hefði verið. Þegar á allt er horft ákveðast miskabætur til hans samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga 750.000 krónur og ber ákærða þannig að greiða brotþola 2.275.150 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 806.000 krónur með virðisaukaskatti. Brotþola hefur verið skipaður réttargæzlumaður Guðbjörg Benjamínsdóttir lögmaður, og verður ákærði dæmdur til greiða þóknun lögmannsins, 644.800 krónur með virðisaukaskatti, en ákærða verður ekki gert að greiða brotþola sérstakan málskostnað. Samkvæmt yfirlýsingu sækjanda fyrir dómi féll annar sakarkostnaður ekki til. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvalds fór Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari með málið.

## **Dómsorð:**

Ákærði, Sigurjón G. Halldórsson, sæti fangelsi í átján mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 2.275.150 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. apríl 2023 og til 5. maí 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laganna til greiðsludags.

Ákærði greiði 806.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, og 644.800 króna þóknun réttargæzlumans brotþola, Guðbjargar Benjamínsdóttur lögmanns.

Þorsteinn Davíðsson